



ALFHÖFSSKÓLI

Danska

10. bekkur

Kennari/ kennarar	Rúna Björk Þorsteinsdóttir
Tímar á viku	4 kennslustundir
Markmið	<p>Stefnt er að því að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilji almennt talað mál sem hæfir aldri þeirra, þroska og áhugasviði • beiti markvissum aðferðum til að auka orðaforða sinn • tjái sig munnlega um dagleg málefni á einfaldan hátt við ákveðnar aðstæður • geti lesið venjulegt ritað mál sér til gagns og ánægju, lesið í ólíkum tilgangi og beitt mismunandi lestraraðferðum • geti skrifað einfaldan texta, einkum í hagnýtum tilgangi, t.a.m. bréf, skilaboð og þess háttar. Áhersla á ritun fer eftir getu nemenda. • geti beitt meginreglum í málnotkun og málfræði • geti notað tölvur til upplýsingaöflunar og samskipta • fái innsýn í siði, venjur og menningu Dana
Efnisþættir	Ýmiss konar orðaforðaforði; málfræði (sagnir, lýsingarorð, fornöfn), ritun og talað mál.
Kennslu- aðferðir	Nemendur vinna ýmist einstaklings- eða hópaverkefni. Unnið verður með afmarkaðan orðaforða hverju sinni og verða færniþættirnir fjórir, hlustun, tal, lestur og ritun þjálfaðir jöfnum höndum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur lesi frjálslestrarbækur, þjálfist í ritun lengri texta og nýti sér orðabækur. Þegar unnið er með ákveðið þema velja nemendur misþung verkefni við hæfi.
Námsgögn	<ul style="list-style-type: none"> • Ekko. Grunnkennslubók. • Hvað sigur du C? Hlustunarverkefni • Og det er Danmark, myndbandsþættir með verkefnum • Grammatik, grunnbók og verkefni • Danskar kvikmyndir • Verkefnablöð frá kennara
Námsmat	Námsmat er byggt á vinnueinkunn fyrir og eftir áramót og skriflegu prófi að vori. Til grundvallar vinnueinkunnar eru 3 skilaverkefni, 2 kaflapróf og 1 myndbands verkefni; vinna nemenda, bæði í skóla og heima sem og hegðun og ástundun. Sjá nánari útfærslu í kennsluáætlun.



Enska 10. bekkur

ALFHÖLSSKÓLI

Kennari/ kennarar	Sigríður Bjarnadóttir
Tímar á viku	3
Markmið	<p>Stefnt er að því að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilji almennar upplýsingar og fyrirmæli, bæði aðalatriði og nákvæmar upplýsingar • geti fylgst með megininnihaldi í fjölmiðlum þegar um kunnuglegt efni er að ræða, sagt frá og unnið úr • geti lesið sér til gagns og fróðleiks aðgengilegt • geti lesið sér til ánægju, ljóð, smásögur og skáldsögur • kunni að nota ensk-enskar orðabækur • kunni að nota málið við ýmsar aðstæður daglegs lífs, t. d. við að komast að sameiginlegri niðurstöðu • geti flutt stutt undirbúið erindi um efni sem hann hefur aflað sér heimilda um • geti skrifað skipulegan texta, skipt í efnisgreinar og beitt nokkurri nákvæmni í málfari og notað tengiorð við hæfi • kunni að haga orðum sínum í samræmi við aðstæður, viðtakanda, tilgang ritunar og gerð texta
Efnisþættir	Growing up, Ireland, A Sense of Fear, Voices of English, Fame, South Africa o.fl.
Kennslu- aðferðir	Nemendur leysa munnleg og skrifleg verkefni einstaklingslega, í paravinnu og hópum og þá er lögð áhersla á samræður. Áhersla verður lögð á að nemendur noti ensku sem mest í öllum samskiptum í skólastofunni. Til að æfa skilning á mæltu máli eru auk þess notuð sérstök hlustunarverkefni. Lesskilningur er þjálfður með lestri ýmissa texta sem nemendur eiga að tjá sig um munnlega og/eða skriflega. Einnig verður unnið markvisst með orðaforða til að bæta lesskilning. Ritleikni er þjálfuð með ýmsum ritunarverkefnum og ritgerðum tengdum námsefninu með það að markmiði að nemendur þjálfist í ólíkum gerðum ritunar. Farið verður í grunnatriði skipulags ritunar í ensku. Lögð verður áhersla á að efla leitarnám þar sem nemendum gefst kostur á að nýta sér þau gögn sem skólinn hefur upp á að bjóða og jafnvel nánasta umhverfi skólans í tengslum við hópvinna. Stefnt er að því að námsefnið, vinnubrögðin og viðfangsefni séu sem fjölbreyttust og virki þannig hvetjandi fyrir nemendur, stuðli að sköpun og sjálfstæðum vinnubrögðum.
Námsgögn	<i>Spotlight 10</i> og <i>Spotlight 10 Workbook</i> , efni af erlendum fréttamiðlum, fjölritaðar smásögur, ljóð, söngtextar, frjálslestrarbækur, gömul samræmd próf, veraldarvefurinn, mynddiskar og ýmis fjölrituð verkefni. <i>Æskilegt er að nemendur í 10. bekk hafi aðgang að ensk-íslenskri orðabók.</i>

Námsmat	<p>Nemendur taka stutt yfirlitspróf byggð á köflunum í <i>Spotlight 10</i>. Einnig safna nemendur verkefnum sem þeir setja í verkefnamöppu (portfolio) og skila í lok hvorrar annar. Munnleg færni nemenda verður metin í samtalsæfingum og í hópvinnu þar sem nemendur gera grein fyrir verkefninu. Þar verður einnig stuðst við sjálfs- og jafningjamat. Að auki verður munnlegt próf hluti af vinnueinkunn vorannar. Til grundvallar vinnueinkunnar eru verkefnamappa, kannanir og munnleg verkefni; vinna nemenda, bæði í skóla og heima sem og hegðun og ástundun.</p> <p>Skólaeinkunn að vori:</p> <ul style="list-style-type: none">▪ 30% miðsvetrarmat▪ 30% vinnueinkunn á vorönn▪ 40% vorpróf
----------------	---



ALFHÖLLSSKÓLI

Heimilisfræði

Val 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Hafdís Erla Baldvinsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir
Tímar á viku	Kennt er hálfan vetur einu sinni í viku 3 kennslustundir í senn
Markmið	<p>Nemandi á að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • læra um kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, svo sem lysterstol,lotugræðgi, offitu, sykursýki, ofnæmi og óþol • þjálfast í að matreiða fjölbreyttan og hollan mat samkvæmt <i>Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni</i> • öðlast færni í að nota helstu matreiðsluaðferðir • þekkja helstu þjóðarrétti Íslendinga og matarmenningu • kynnast matreiðslu annarra þjóða • þekkja helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið (matareitranir og matarsýkingar) • vita að matreiðsluaðferðir hafa áhrif á gæði og hollustu matarins • kynnast því hvernig forðast á slys í heimahúsum og viðbrögð við þeim
Efnisþættir	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið er með alla flokka fæðuhringsins í matreiðslu • vinnubrögð og hreinlæti • slysavarnir í eldhúsi • læra um kvilla sem tengjast mataræði
Kennslu- aðferðir	Nemendur vinna í hópum í tímum. Þeir læra að vinna eftir fyrirmælum. Lögð er áhersla á hreinlæti, öryggi, skipulag, frágang og góða samvinnu.
Námsgögn	Heimilisfræði II og ljósrituð verkefnablöð, bæði verkleg og skrifleg verkefni
Námsmat	Einkunnir eru gefnar í tölum samkvæmt vinnueinkunn sem sett er saman úr vinnusemi, vinnubrögðum og frágangi í tímum, símat. Einkunnaskali 1-10



Hestamennska

Val 9. – 10. bekkur

ÁLFHÓLSSKÓLI

Kennari/ kennarar	Árni Jónsson, Jón Magnússon
Tímar á viku	Námskeiðsform 2-3 tímar á viku í 6 vikur. Hefst eftir áramót.
Markmið	Nemendur: Kynnist íslenska hestinum. Læri að meta eiginleika hestsins og öðlist reynslu sem hugsanlega nýtist nemendum til framtíðar í þeirra eigin hestamennsku.
Efnisþættir	Bóklegir tímar þar sem farið verður í líkamsstarfssemi hestsins, byggingu, umhirðu, litaafbrigði, gangtegundir o.fl.
Kennslu- aðferðir	Bóklegir tímar fara fram í kennslustofu í Álfhólsskóla og verklegir tímar í hesthúsi að Heimsenda eða Kjóavöllum.
Námsgögn	Ýmsar greinar um hestinn. Efni um tamningar og þjálfun hesta. Hestar, reiðtygi og önnur verkfæri sem notuð eru í daglegu starfi hestamannsins.
Námsmat	Frammistaða metin miðað við virkni og ástundun. Einkunn gefin í tölum og umsögn.



Hljómsveitarval 9. og 10. bekkur

ALFHÓLSSKÓLI

Kennari/ kennarar	Guðrún Magnúsdóttir
Tímar á viku	Kenndir eru 2 tímar allan veturinn.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • að gefa áhugasömum nemendum tækifæri til að starfa saman í hljómsveit innan skólans • að starfa saman að ákveðnu takmarki sem er að koma fram a.m.k. einu sinni á hvorri önn
Efnisþættir	<ul style="list-style-type: none"> • Að gefa þeim sem hafa verið að æfa sjálfir og/eða hafa áhuga tækifæri til að vera í hljómsveit • Nýta hljóðfærakost skólans þ.e. gítara, bassa, söngkerfi, hljómborð og trommusett auk alls kyns ásláttarhljóðfæra • Mestum tímanum verður varið í að æfa samspil og söng • Áhugi, virðing, vilji og jákvæðni eru lykilatriði
Kennslu- aðferðir	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur og kennari velja tónlist saman • Hlustað á og „pikkað upp“ áhugavert efni • Ræðum saman um leiðir • Jákvæðni, virðing og hlustun
Námsgögn	<ul style="list-style-type: none"> • Veraldarvefurinn, YouTube og Guitarparty.com. • Real Rock bækur og ýmsar aðrar bækur úr fórum kennarans
Námsmat	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæðni, virðing, samstarfsvilji og áhugi eru lykilorðin • Nemendur og kennari meta sameiginlega hvernig til tókst



ALFHÖFSSKÓLI

Hönnun smíði 9. – 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Árni Jónsson
Tímar á viku	2 tímar á viku, allan veturinn.
Markmið	<p>Að nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • geri sér grein fyrir samhengi gæða verkfæra og öryggis • geti lagt mat á gæði og ástand véla og verkfæra • sýni rétta beitingu handverkfæra • hafi þroskað með sér vönduð vinnubrögð • geti valið smíðaeefni í samræmi við notagildi og eigin smekk • geri sér grein fyrir samhengi á milli góðrar umgengni og öryggisþátta • þekki fjölbreyttar samsetningaraðferðir • kunni að smíða úr fjölbreyttum efnum • geti hannað og smíðað vandaðan grip úr helstu smíðaeffnum • geti nýtt sér upplýsingatæknina við hönnun hluta • hafi lært að velja viðfangsefni úr mörgum hugmyndum • geti notað fríhendisteikningu við hönnun • geti nýtt sér rafmagn í verkefnavinnu • skilji mikilvægi góðrar umgengni við umhverfið • geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir í verkefnavinnu • hafi þroskað með sér jákvætt viðhorf til handverks • geti skoðað eigin verk á gagnrýninn hátt • geri ætíð sitt besta • noti ætíð viðeigandi persónuhlífar
Efnisþættir	<p>Flauta þreföld. Skilti – kynning á fræsara. Intarsía, Söguð þynna í bandsög og sagað út ákv. Frjáls hönnun. Skartgripur tengdur ákveðnu formi t.d hvalsform. Gjafabox úr pappa fyrir hring - Hringagerð</p> <p>Sérvalið frjálst verkefni –nemendur skila vinnulýsingu. Hópverkefni 2-3 saman-ræðupúlt.</p> <p>Þrautakubburinn. Forskrift. 6 stykkjum raðað saman..</p> <p>Box með læsingu. Þrautalausn.</p> <p>Hannaðu koll eða stól. Stóllinn – skammel.</p>
Kennslu- aðferðir	Innlögn efnis á töflu, kynningar, sýnikennsla, verkleg vinna, hópavinna, einstaklingsvinna, þrautalausn.
Námsgögn	Ljósrit frá kennara, handbækur, smíðabækur, forskriftarblöð.
Námsmat	Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni. Nemendur skrá sjálfir þau verkefni sem búin eru á ákveðin námsmatsblöð. Sjálfsmat. 9. -10. bekkur fær einkunnir í tölum ásamt umsögn.



ALFHÖFSSKÓLI

Íþróttir

10. bekkur

Kennari/ kennarar	Jón Óttarr Karlsson, Jón Magnússon, Guðmundur Skúli og Rósa Ólafsdóttir.
Tímar á viku	Tvær kennslustundir 2x60 mín. á viku hálfan veturinn (þegar ekki er sund) annars 1x60 mín. á móti sundi.
Markmið	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> viðhaldi færni sinni og getu með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar þjálfist í samsettum æfingum fái tækifæri til að velja og stunda íþrótt eða líkams- og heilsurækt í ákveðinn tíma þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s styrkjandi og mótandi æfingum þar sem unnið er með eigin líkamspunga, styrkjandi og mótandi æfingum með lóðum eða í tækjasal þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð þjálfist í að skipuleggja og stjórna hluta úr kennslustund með því að sjá um upphitun stjórna leik sjá um teygju- eða slökunaræfingar í niðurlagi kennslustundar taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun eða líkams- og heilsurækt kunni til verka þegar skipuleggja þarf eigin þjálfun öðlist skilning á áhrifum mismunandi lífsstíls á heilsu og vellíðan læri að finna púls
Efnisþættir	Knattleikir, fimleikar, frjálsar íþróttir. Styrkur, liðleiki, þol.
Kennslu- aðferðir	Nemendur vinna undir handleiðslu íþróttakennara að allskonar æfingum og leikjum, bæði sem einstaklingar og einnig í hópum.
Námsgögn	Ýmis íþróttatæki eins og hestar, kubbar, dýnur, boltar o.s.fr.
Námsmat	<p>Námsmat er símat þar sem kennarar meta nemendur jafnóðum. Námsmat er afhent tvisvar á skólaárinu. Einkunn samanstandur af mætingu, stundvísi, hegðun og framkomu (50%). Virkni (25%) og færni (25%).</p> <p>Nemendur með óviðunandi mætingar eru metnir með öðrum hætti. Einkunnaskalin er 1-10</p>



ALFHÖFSSKÓLI

Íslenska 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Davíð Ásgrímsson, Skafti Þ. Halldórsson og Steinarr Þór Þórðarson Sérkennarar: Sigrún Hildur Kristjánsdóttir og Stefán Aðalsteinsson
Tímar á viku	4 kennslustundir, 1 klst. í senn
Markmið	<p>Stefnt er að því að nemendur:</p> <p>nái valdi á frumpáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun, svo sem þroski þeirra leyfir, og rækti með sér virðingu fyrir málinu.</p> <p>geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli, töluðu og rituðu, og geti auk þess gert sig skiljanlega á annan hátt, t.d. með leikrænni tjáningu, og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.</p> <p>öðlist skilning á sögulegu, menningarlegu og félagslegu gildi íslenskrar tungu og bókmennta og kynnist völdum bókmenntaverkum þjóðarinnar frá ýmsum tímum, auki þekkingu sína á eðli málsins og lögmálum þess, þ.e. íslensku málkerfi, og geri sér grein fyrir margbrotnu hlutverki móðurmálsins í daglegu lífi og notkun þess við ólíkar aðstæður.</p> <p>fræðist um margháttða málnotkun fjölmiðla og átti sig á því hvernig þeir hafa áhrif á daglegt líf manna, og geri sér jafnframt grein fyrir kostum þeirra og göllum</p> <p>verði færir um að leggja sjálfstætt mat á mismunandi túlkun atburða og málefna sem birtist í töluðu máli, rituðu máli og myndum.</p> <p>hafi tök á helstu málfræði þáttum íslenskunnar</p> <p>lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi og lagt mat á það og túlkað</p>
Efnispættir	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Nemandi á að:</p> <p>skilja leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi geta flutt eigin texta og annarra skýrt og áheyrilega</p> <p>hafa tileinkað sér áheyrilegan og skýran framburð og viðeigandi talhraða</p> <p>geta endursagt skipulega það sem hann hefur heyrt eða lesið</p> <p>geta tjáð eigin tilfinningar og skoðanir og haldið athygli hlustenda</p> <p>flytja eigin texta og annarra skýrt og áheyrilega</p> <p>kunna að hlusta á aðra og bregðast við á viðeigandi hátt</p> <p>geta flutt mál sitt, kynnt tiltekin viðfangsefni og nýtt texta, tónlist eða myndefni sér til stuðnings</p> <p>hafa kynnst íslenskum kvikmyndum og tengslum þeirra við bókmenntir og sögu lands og þjóðar</p> <p>hafa tekið þátt í að semja eða flytja menningarlegt efni</p> <p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Nemandi á að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja mikilvægi þess að geta lesið sér til ánægju • geta lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi • geta greint aðalatriði og aukaatriði í texta • hafa lesið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir svo sem skáldsögur, leikrit, þjóðsögur, goðsögur og ljóð • Lestur og bókmenntir (frh.) <p>Nemandi á að:</p>

- þekkja til íslenskra bókmennta að fornu og nýju, hafa lesið Íslendingasögur og úr verkum valinna höfuðskálda
- geta unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum
- geta aflað sér heimilda, til dæmis á bókasafni, í dagblöðum, tímaritum og á Netinu
- geta lagt mat á gildi og trúverðuleika texta og fjölmiðlaefnis
- geta gert grein fyrir áhrifum bókmennta og tilfinningum sem þær vekja
- vera læs á myndmál, algengustu tákn og líkingar
- geta beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði
- geta notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- hafa kynnst öðrum menningarheimum og til dæmis lesið texta frá hemalöndum sammemenda sem eru ekki af íslenskum uppruna

Ritun

Nemandi á að:

- hafa þroskað persónulega rithönd, skrifa skýrt og greinilega og kunna að setja upp texta á viðeigandi hátt
- kunna að ganga frá texta á stafrænan hátt samkvæmt íslenskum stöðlum
- hafa vald á stafsetningur og helstu greinarmerkjum
- geta nýtt sér handbækur, orðabækur og leiðréttingarforrit við ritun
- hafa tileinkað sér skipuleg vinnubrögð við ritgerðarsmið
- vera fær um að tjá tilfinningar sínar og skoðanir í texta
- geta byggt upp einfaldan texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í samhengi
- hafa góðan orðaforða og vald á ýmsum stílbrigðum
- hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum og samið margt konar texta
- geta nýtt sér einfaldar leiðbeiningar um textagerð og gagnrýni á eigin texta

Málfræði

Nemandi á að:

- hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og öðlast trú á eigin málkunnáttu
- gera sér grein fyrir orðmyndun og orðeinungum og nýta þá þekkingu til dæmis í stafsetningu
- þekkja beygingarleg og merkingarleg einkenni fallorða og sagnorða og gera sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta
- vera fær um að fletta upp í handbókum og orðasöfnum og kunna að nýta sér málfræðilegar upplýsingar í þeim
- geta notað orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt
- gera sér grein fyrir sköpunarmætti tungumálsins, svo sem við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap
- gera sér grein fyrir að málnotkun er mismunandi eftir aðstæðum

Málfræði (frh.)

Nemandi á að:

- hafa kynnst staðbundnum og aldurstengdum tilbrigðum orðaforða og málnotkun
- geta nýtt sér málfræðiþekkingu sína við nám í erlendum tungumálum
- átta sig á merkingarfræðilegum hugtökum málsins
- hafa áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál breytast sífellt

Kennslu- aðferðir

Mismunandi námsleiðir eru farnar.

Í tjáningu og hlustun er lögð áhersla á þjálfna nemendur í að tala og hlusta frammi fyrir öðrum nemendum. Lögð er sérstök áhersla á ræðumennsku og nemendur þjálfaðir í að flytja mál sitt formlega. Verkefni eru eðlis síns vegna mest einstaklingsverkefni en einnig eru hópverkefni.

	<p>Í bókmenntum er lögð áhersla á að nemendur kynni bókmenntaefni í ræðu og með glærusýningu en jafnframt að þeir vinni einstaklings og hópaverkefni. Reynt er að hafa textann sem fjölbreytilegastan, jafnt Íslendingasögur sem nútímabókmenntir og alls konar texta.</p> <p>Í ritun er lögð sérstök áhersla á stuttar rökfærsluritgerðir, lýsingar og frásagnir en einnig á að læra að setja upp ritgerð stafrænt út frá íslenskum stöðlum. Lögð er áhersla á að nemendur skrifi skapandi texta, ljóð, sögur og handrit að myndbandsverkum. Vinni heimildaritgerð. Rifjaðar eru upp stafsetningarreglur og farið yfir greinarmerkjasetningu með verkefnavinnu.</p> <p>Málfræðnámið er verkefnabundið, lítill tími lagður í innlagnir og kynningar en þeim mun meiri í að takast á við málfræðileg hugtök og tengsl þeirra við daglegt mál.</p>
Námsgögn	<p>Íslenska - kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Nordal og Gunnlaug V. Snævarr. Málfinnur og valin verkefni úr Finni 3.</p> <p>Skrifinnur og nokkur ljósrituð verkefni úr Kennslubók í stafsetningu eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.</p> <p>Hefti, tekin saman af Skafta Halldórssyni um bókmennta og ljóðgreiningu.</p> <p>Englar alheimsins ásamt vinnuhefti</p> <p>Gísla saga Súrssonar ásamt vinnuhefti</p> <p>Kjörbók – valin af nemendum í samráði við kennara</p>
Námsmat	<p>Mat er margþætt og er unnið út frá þekkingu, leikni og hæfni nemandans. Vinnueinkunn á haustönn er gefin út frá eftirfarandi þáttum:</p> <p>50% einkunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verkefnavinna (hópaverkefni, einstaklingsverkefni), • frammistaða í tímum • ritgerðir – tímaritgerðir og bókmenntaritgerðir. • heimavinna • 30% einkunnar: • stöðupróf sem tekin verða eftir einstaka námsþætti • 20% einkunnar: • útkoma samræmdra prófa <p>Námsmat að vori:</p> <p>Vinnueinkunn sem byggð er á sömu þáttum og með sama vægi og á haustönn og þá taka nemendur hefðbundið lokapróf í maí.</p> <p>Nemendur fá eina einkunn að vori, skólaeinkunn.</p> <p>Skólaeinkunn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 30% miðsvetrarmat • 30% vinnueinkunn á vorönn • 40% vorpróf <p>Einkunnaskali : 1 - 10</p>



ALFHÖLSSKÓLI

Stuttmyndagerð 9. og 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Arnoddur Magnús Danks
Tímar á viku	Kennt er 2 tíma á viku yfir heila önn.
Markmið	<p>Að nemendur:</p> <p>Þekki mismunandi form leiklistar og muninn á sviðsleik og kvikmyndaleik.</p> <p>Læri um mismunandi tækni kvikmyndunar, s.s. þátt ljóss og skugga, harðan og mjúkan fókus, að hitta markið, gullinsnið og hvernig kvikmyndavélinni er beitt á mismunandi hátt til að skapa stemningu.</p> <p>Læri að klippa og nota hljóðblöndun.</p> <p>Vinni vél sem teymi í 5 – 6 manna hópum.</p> <p>Taki upp minnst tvær stuttmyndir á önninni að lengd 2 – 5 mín.</p> <p>Skili inn skotlista og söguborði.</p> <p>Geti tekið upplýsta afstöðu til leikrita, sjónvarpsþátta og kvikmynda.</p> <p>Geti tekið afstöðu til eigin verka og annarra á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt.</p> <p>Taki virkan þátt í umræðum.</p>
Efnisþættir	<p>Jákvæðni – virðing – hlustun - frumkvæði.</p> <p>Fyrirlestrar, umræður, hópavinna, verkleg kennsla í hljóðblöndun og klippingu.</p>
Kennslu- aðferðir	<p>Stuttir fyrirlestrar og kynningarmyndbönd til útskýringar ásamt umræðum.</p> <p>Verkleg kennsla í klippingu og hljóðblöndun.</p> <p>Nemendur vinna í litlum hópum undir handleiðslu kennara.</p> <p>Leikspunar, með áherslu á kvikmyndaleik.</p> <p>Umræður og yfirferð á efni.</p>
Námsgögn	<p>Áherslan í stuttmyndagerð er á aðferðina „learning by doing“ þar sem nemendur fá tækifæri til að taka upp og sjá um eftirvinnslu stuttmynda og því er mikilvægasta námsgagnið: Internetið til þess að afla upplýsinga og hugmynda, ásamt verklegri kennslu í tölvuveri á klippingu og hljóðblöndun.</p> <p>Ýmis gögn frá kennara.</p>
Námsmat	<p>Umsagnir kennara, þar sem áherslan er á virkni í tímum, frumkvæði, gagnvirka hlustun (fer eftir og skilur fyrir mæli. Hlustar og virðir skoðanir annarra), umgengni og heiðarleika í framkomu (allir geta og hafa rétt á að hafa slæman dag, en ekki rétt á að láta aðra gjalda þess).</p>



ALFHÖFSSKÓLI

Leiklist Val 9. og 10 bekkur

Kennari/ kennarar	Arnoddur Magnús Danks
Tímar á viku	Kennt er 2 tíma á viku yfir heilt ár.
Markmið	<p>Að nemendur:</p> <p>Kynnist leiklist sem listgrein.</p> <p>Læri að bera virðingu fyrir leiksviðinu og vinnu hvors annars.</p> <p>Læri virka hlustun (tímasetningar í spuna og leikjum)</p> <p>Farið í mismunandi tækni við nálgun persónusköpunar, s.s. <i>Líkamsleikhús</i> (Physical Theatre) - persónan verður til utanfrá inn</p> <p><i>Aðferðarfræði Stanislavski</i> (Method acting) – persónan verður til innan frá út.</p> <p><i>Hefðbundin leiklist</i> (Classical acting) persónan er byggð út frá rannsóknarvinnu á handriti og tengdum texta.</p> <p>Sýnt 2 leikrit (ca 20mín í fluttningi) á árinu fyrir framan áhorfendur á sal, þar sem annað er unnið út frá spuna og síðan fullskrifað handrit og æft af leikhópnum og hitt er samsett verk, þar sem áherslan er á blöndun leiks, dans og söng.</p> <p>Þekki mismunandi form leiklistar og muninn á sviðsleik og kvikmyndaleik.</p> <p>Geti tekið upplýsta afstöðu til leikrita, sjónvarpsþátta og kvikmynda.</p> <p>Geti tekið afstöðu til eigin verka og annarra á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt.</p> <p>Taki virkan þátt í umræðum.</p>
Efnisþættir	<p>Jákvæðni – virðing – hlustun - frumkvæði.</p> <p>Framsögn, líkamsbeiting, hópæfingar, spunaæfingar og raddvinna.</p>
Kennslu- aðferðir	<p>Ýmsir leiklistarleikir, þar sem unnið er að virkja gleði og virkni nemenda, ásamt því að þjálfar nemendur í hlustun og einbeitningu.</p> <p>Laban,- og spunaæfingar.</p> <p>Valdar sviðsbardagaæfingar, þar sem öryggi leikarans er ávallt í fyrirrúmi sem nýtast við að byggja upp traust og samvinnu nemenda.</p> <p>Stanislavski æfingar.</p> <p>Textavinna, þar sem nemendur læra að brjóta textann niður í hugsanir og undirstrika áherslu orð út frá markmiðum persónanna.</p> <p>Mismunandi aðferðir til að læra texta.</p> <p>Raddþjálfun.</p> <p>Farið í hin 5H leiklistarinnar (5W á ensku).</p> <p>Stuttir fyrirlestrar og kynningarmyndbönd til útskýringar ásamt umræðum.</p> <p>Leikstjórn. – Nemendur æfa tvö leikverk á árinu og læra að vinna sem leikfélag þar sem þau taka þátt í sköpun sviðsmyndar, búninga, hljóðs og ljósa.</p> <p>Umræður og yfirferð á efni.</p>
Námsgögn	<p>Áherslan í leiklistarvalinu er á að nemendur fái tækifæri til að vinna sem leikfélag og taka þátt í öllu því ferli og ákvarðanatöku sem fylgir því að setja upp leikverk.</p>
Námsmat	<p>Umsagnir kennara, þar sem áherslan er á virkni í tímum, frumkvæði, gagnvirka hlustun (fer eftir og skilur fyrir mæli. Hlustar og virðir skoðanir annarra), umgengni og heiðarleika í framkomu (allir geta og hafa rétt á að hafa slæman dag, en ekki rétt á að láta aðra gjalda þess).</p>



ALFHÖLSSKÓLI

Náttúrufræði 10.bekkur

Kennari/ kennarar	Hallgrímur Geir Gylfason, Kolbrún Gísladóttir
Tímar á viku	2 x 60 mínútur (7200 sekúndur)
Markmið	<p>Í náttúrufræði er mikilvægt að nemendur geti aflað sér upplýsinga um vísindaleg málefni, tekið gagnrýna afstöðu og komið þeim skilmerkilega frá sér.</p> <p>Eðlisfræði Stefnt er að því að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti lýst eðli varma og hita. • geri greinarmun á efnaorku og hreyfiorku. • kynnist eðli rafmagns og segulmagns. • þekki helstu eiginleika bylgna og lýsa eðli hljóðs og ljóss. • þekki kjarnaklofnun og kjarnahvörf • geti fjallað um sérstöðu kjarnorku með tilliti til áhrifa á lífið á jörðinni. • fræðist um mismunandi gerðir orkuvirkjana <p>Líffræði Stefnt er að því að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti útskýrt mikilvægi erfðalykla erfðaefnisins • kynnist hugmyndum Mendels um erfðir og líkindaútreikningum hans á að eiginleikar erfist frá einni kynslóð til annarar • geti lýst fjölbreytni í erfðum, s.s. vegna tilfærslu á genum, genasplæsinga, kynæxlunar og stökkbreytinga. • skilji hvað stjórni kynferði einstaklinga. • skoði litninga mannsins á mynd, breytileika þeirra og sérstöðu kynlitninga. • geti útskýrt erfðir blóðflokka manna og kynbundnar erfðir s.s. litblindu. • geti skýrt og nefnt dæmi um einræktun (klónun). • fjalli um á hvaða hugmyndum þróunarkenning Darwins er byggð og hver séu helstu áhrif hennar á heimsmynd mannsins. • geti lýst hvaða þættir eru taldir hafa áhrif á náttúruval. • geti skýrt kenningar um þróun lífs á jörðinni og notað við það líffræðileg rök og steingervinga.
Efnisþættir	<p>Líffræði</p> <ol style="list-style-type: none"> <ul style="list-style-type: none"> • Upprifjun um frumefni og efnasambönd, t.d. kolefni og súrefni • Orka og ljóstíllifun • Hringrás efna í náttúrunni • Fæðupíramíðar <ul style="list-style-type: none"> • Umhverfismennt, vistfræði og áhrif manna á umhverfið • Ótrúlega skemmtileg hópverkefni. Gera skýrslur og kynningu.

	<p>3.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stutt upprifjun á lífrænum efnasamböndum, t.d. prótein • Erfðafræði • Litningar, DNA og gen • Frumkvöðlar í erfðafræði, t.d. Mendel, Franklin, Watson og Crick • Erfðir og kynslóðir • Reitistöflur • Samspil erfða og umhverfis • Kynákvörðun • Erfðagallar/Erfðasjúkdómar • Erfðatækni, t.d. klónun, erfðabreytt matvæli og lyf <p>4.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Uppruni og þróun lífs • Þróunarkenning Darwins • Stökkbreyting • Miklihvellur • Jarðsögutímabil og lífverur sem þeim tilheyra • Prímtar og uppruni manna
Kennslu-aðferðir	Kennslan fer fram að hluta í formi fyrirlestra. Einstaklings-, hópvinna og tilraunir skiptast á. Á önninni gera nemendur eina heimildaritgerð. Myndbönd verða sýnd og rædd til að dýpka einstaka efnisþætti.
Námsgögn	Maður og náttúra
Námsmat	...



ALFHÓLSSKÓLI

Samfélagsfræði 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Davíð Ásgrímsson og Hrafnhildur Pálsdóttir
Tímar á viku	3 stundir
Markmið	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra • hugleiði hvernig sjálfsmýnd hans verður til • rökræði hvort sjálfsmýnd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d. í systkinahópi, í bekknum, með hinu kyninu, í útlöndum • velti fyrir sér kostum og göllum þess að vera „eins og hinir“ • geti gert upp við sig hvað mestu máli skiptir í lífinu • kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra • hugleiði hvort réttlátt er og skynsamlegt að allir séu skyldaðir til að vera í skóla í 10 ár • ímynda sér hóp eða samfélag þar sem engar gefnar reglur gilda og hvernig slíkt samfélag myndi þróast • finni hvaða aðilar eru færastir í að leysa deilur • kynnist og hugleiða stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni • læri að tengja umfjöllunina við hugtök á borð við þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, mannréttindi, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar, Alþingi o.s.frv. • hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi og greina hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með. • fjalli um valin málefni sem rætt er um í fjölmiðlum • finni leiðir til að afla sér og vinsa úr upplýsingaefni og meti upplýsingar á gagnrýninn hátt • komi niðurstöðum sínum á framfæri með fjölbreyttum hætti • geti rætt um brýn málefni af tilfinningu og rökfestu • þjálfist í að sjá mismunandi sjónarhorn á málefnum og að draga „sjálfsagða hluti“ í efa • greini hvernig stjórnmal og samfélag tengist lífi hans sjálfs
Efnisþættir	Sjálfsmýndin, réttindi, skyldur og hverjir ráða í samfélaginu, samskipti og staða Íslands í umheiminum.
Kennslu- aðferðir	Námið byggist á heimalestri nemenda og útskýringum kennara, auk verkefnavinnu. Einnig er stefnt að nemendur vinni í hópavinnu við úrlausn verkefna og kryfji ýmis mál til mergjar
Námsgögn	Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason og ítarefni
Námsmat	Mat er margþætt og er unnið út frá þekkingu, leikni og hæfni nemandans Skólaeinkunn í 10. bekk byggist af 3 einkunnum: 30% vinnueinkunn á haustönn 30 % vinnueinkunn á vorönn 40 % vorpróf Lokapróf

<p>ATH. Ef nemandi fær meðaleinkunn 7,8 úr kaflaprófum má hann sleppa lokaprófinu, að því gefnu að ástundun sé ekki lægri en 8,0 og að tekin séu að lágmarki sex próf af átta</p> <p>Vinnueinkunnir byggjast á: Verkefnaskilum, heimanámi, vinnusemi í tímum, ástundun,og kaflaprófum .</p>



ALFHÖLSSKÓLI

Stærðfræði 10. bekkur

Kennari/ kennarar	Hallgrímur Geir Gylfason, Hrafnhildur Pálsdóttir, Kolbrún Gísladóttir Sérkennarar: Sigríður Rafnsdóttir og Caio Namur Milreu
Tímar á viku	6 stundir
Markmið	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar • geta lesið og skrifað tölur, töluleg gögn og stærðfræðilegan texta • ná að tengja saman stærðfræðileg hugtök og myndrænt efni • hafa öðlast færni til að takast á við stærðfræðileg verkefni og þrautir • nái það góðum tókum á stærðfræði að hún nýtist þeim í daglegu lífi utan skólans, í tómstundum og öðru námi • nái það góðum tókum á stærðfræði að hún nýtist þeim í framhaldsnámi • þjálfist í að tjá sig á máli stærðfræði bæði munnlega og skriflega • geri sér grein fyrir að skýr og rökræn framsetning er mikilvæg vinnuaðferð í stærðfræði. • Geri sér grein fyrir að skýr og kerfisbundin framsetning er mikilvæg vinnuaðferð í stærðfræði.
Efnisþættir	Tölur , reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat Hlutföll og prósentur Rúmfræði Mynstur og algebra Líkindareikningur og tölfræði
Kennslu- aðferðir	<ul style="list-style-type: none"> • Mikið er lagt upp úr framlagi nemenda og samvinnu. • Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðbrögð til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræði námi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök • Nemendur eiga að passa upp á að hafa nauðsynleg gögn meðferðis eins og vasareiknir og reglubók. • Nemendur eru hvattir til að skrá aðferðir í reglubók. • Nemendur fá gátlista þar sem helstu efnisþættir eru taldir upp og nemendur eru hvattir til að nýta sér hann • Duglegir nemendur sem áhuga hafa á að dýpka þekkingu sína á námspáttum geta farið hraðar yfir námsefnið í grunnskóla og taka hluta af námsefni framhaldsskóla í grunnskóla.
Námsgögn	Almenn stærðfræði III, Átta-tíu 5 og Átta-tíu 6, Leikni 1 og Leikni 2, Auraráð, 10+, ljósritað efni, námsefni framhaldsskóla, þrautir, þrautalausnir tölvuforrit, stærðfræðivefir.
Námsmat	



ALFHÓLSSKÓLI

Stærðfræði 103

10. bekkur

Kennari	Hrafnhildur Pálsdóttir
Tímar á viku	1,5 stund
Markmið	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti leyst jöfnur með einni eða fleiri óþekktum stærðum og skilið rúmfræðilega merkingu þeirra • þjálfist í notkun hlutfalla, setji þau fram í hnitakerfi og geti beitt þeim við lausnir rúmfræðilegra vandamála • öðlist grunnþekkingu á evklíðskri rúmfræði og helstu reiknireglum hennar • sanni valdar setningar í rúmfræði og öðlist þjálfun í rökrænni framsetningu
Efnisþættir	Talnareikningur, Jöfnur, rúmfræði og hlutföll
Kennslu-aðferðir	Nemendur vinna í námsefninu samhliða námsefni 10.bekkjara en fá einn og hálfan tíma á viku sem er bara fyrir stærðfræði 103
Námsgögn	Stærðfræði 103 eftir Jón Þorvarðarson 2012.
Námsmat	<p>Lokapróf 70%</p> <p>15%</p> <p style="text-align: right;">Kafalpróf Vinna á önninni 15%</p>



ALFHÖFSSKÓLI

Sund

10. bekkur

Kennari/ kennarar	Jón Óttarr og Jón Magnússon.
Tímar á viku	1 tími á viku, kynjaskipt. (Vor- eða haustönn)
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • taka þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringusundi, skriðsundi, baksundi og skólabaksundi, aukin áhersla lögð á samhæfingu handa og fóta. Einnig leikir sem efla líkamsþol, kraft, hraða og viðbragð. Aukin áhersla lögð á kafsund • hafa gott flot, rétta öndun, bæta tækni og hraða í sundi • kraftleikir, eltingarleikir, og boltaleikir • læra og þjálfast í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni • Nemendur vinna með ólíka þætti hvernar sunndaðferðar undir handleiðslu sundkennara. Þeir ná tókum á samhæfni öndunar og takti handa og fóta og að tengja tókin í eina heild. • Nemendur geti synt lengri vegalengdir með breytilegum sunndaðferðum
Efnisþættir	Sundtökin í bringu, bak, skrið, björgunar og kafsundi.
Kennslu- aðferðir	Nemendur vinna með ólíka þætti hvernar sunndaðferðar undir handleiðslu sundkennara. Þeir ná tókum á samhæfni öndunar og takti handa og fóta einnig að tengja tókin í eina heild. Nemendur geti synt lengri vegalengdir með breytilegum sunndaðferðum.
Námsgögn	Ýmis sundtæki s.s kútar, korkar, hringir, boltar o.s.fr.
Námsmat	<p>Stefnt er að því að nemandi þarf að ná tímamörkum í 2 af 4 sunndaðferðum . Stigspróf er tekið í lok námskeiðs. Nemendur fá sundstigi lokið/ólókið eftir atvikum og einkunn í tölum.</p> <p><u>Leiðbeinandi tímar:</u> 100 metra bringusund. Dr. undir 2.15 sekúndum. St. undir 2.20 sekúndum 50 metra skriðsund. Dr. undir 55 sekúndum. St. undir 58 sekúndum 50 metra baksund. Dr. undir 65 sekúndum. St. undir 68 sekúndum 600 metra þolsund, frjáls aðferð. Tímamörk undir 20 mínútum Troða marvaða í 30 sekúndur og synda síðan björgunarsund 25 metra með jafningja. Góð mæting og vinna í tímum er metin til einkunnar á móti prófþáttum.</p>